



12. fundur stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns Íslands þriðjudaginn 26. nóvember 2019 kl. 12 haldinn í húsakynnum safnsins að Laugavegi 162 í Reykjavík.

Fundinn sátu Anna Agnarsdóttir formaður, Guðmundur Jónsson, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Gunnar Örn Hannesson, Svanhildur Bogadóttir og Ágúst Sigurðsson í forföllum Gunnars Gíslasonar. Enn fremur sátu fundinn Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður, Anna Elínborg Gunnarsdóttir sviðsstjóri rekstrar- og varðveislusviðs og Njörður Sigurðsson sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs Þjóðskjalasafns sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Ársskýrsla Þjóðskjalasafns 2018 (fylgiskjal 1)
2. Rekstraráætlun 2020 og útkomuspá 2019 (fylgiskjal 2 og 3)
3. Nýtt skipurit ÞÍ og úrbótavinna
4. Stofnanasamningur og starfslýsingar
5. Vor- og haustráðstefnur
6. Reglusetningar um skjalastjórn og skjalavörslu
7. Húsnæðismál
8. Drög að starfsáætlun fyrir 2020 (fylgiskjal 4)
9. Hollvinasamtök
10. Málefni héraðsskjalasafna; fjárveitingar, heimsóknir, úrbótaáætlanir og staða reglugerðar (fylgiskjal 5)
11. Frágangur fundargerðar

Anna Agnarsdóttir formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Síðan var gengið til boðaðrar dagskrár.

1. Ársskýrsla Þjóðskjalasafns 2018.

Þjóðskjalavörður kynnti drög að ársskýrslu Þjóðskjalasafns fyrir árið 2018 sem er nú í umbroti og verður gefin út á næstu dögum. Í henni er m.a. gerð grein fyrir öllum helstu verkefnum síðasta árs, rekstrarmálum, erlendu samstarfi ásamt lista yfir innkomin skjalasöfn.

Til máls tóku Hrefna Róbertsdóttir, Anna Agnarsdóttir, Guðmundur Jónsson og Gunnar Örn Hannesson.

2. Rekstraráætlun 2020 og útkomuspá 2019.

Anna E. Gunnarsdóttir, sviðsstjóri rekstrar- og varðveislusviðs, gerði grein fyrir stöðu rekstraráætlunar miðað við 1. október 2019. Rauntölur janúar til september 2019, rekstrarkostnaður er 1,6% yfir áætlun fyrir sama tímabil. Launakostnaður er 1,7% yfir áætlun og húsnæðiskostnaður er 9,3% yfir áætlun, er það vegna uppsetningar á hillum. Tekjur eru umfram áætlun 8,2 m.kr. Útkomuspá fyrir árið 2019 gerir ráð fyrir að reksturinn verði innan fjárheimilda. Samkvæmt



frumvarpi til fjárlaga 2020 er áætlað framlag úr ríkissjóði 408,9 m.kr. Fjárheimildir hækka um 7,5 m.kr. miðað við árið 2019. Krafa um sértekjur lækkar um 12,1 m.kr. milli ára. Áætlaður launakostnaður er 73,7% af heildarkostnaði.

Til máls tóku Anna E. Gunnarsdóttir, Gunnar Örn Hannesson, Hrefna Róbertsdóttir, Anna Agnarsdóttir, Svanhildur Bogadóttir, Guðmundur Jónsson, Ágúst Sigurðsson og Jóhanna Gunnlaugsdóttir.

3. Nýtt skipurit ÞÍ og úrbótavinna.

Þjóðskjalavörður kynnti nýtt skipurit Þjóðskjalasafns sem tók gildi 1. september sl. Samkvæmt nýju skipuriti eru tvö svið sem heyra undir þjóðskjalavörð, rekstrar- og varðveislusvið sem Anna E. Gunnarsdóttir stýrir og skjala- og upplýsingasvið sem Njörður Sigurðsson stýrir. Sviðsstjórar eru jafnframt staðgenglar þjóðskjalavarðar. Undir sviðunum starfa sex fagstjórar sem bera ábyrgð á tilteknum verkefnum og verkstjórn auk verkefnastjóra sem sinna tilteknum verkefnum eins og við á. Á skjala- og upplýsingasviði eru eftirfarandi fagstjórar og fagsvið: Upplýsingaþjónusta sem Benedikt Eyþórsson fer fyrir, eftirlit og ráðgjöf sem Kristjana Kristinsdóttir fer fyrir og skráning sem Gunnar Örn Hannesson fer fyrir. Á rekstrar- og varðveislusviði eru eftirfarandi fagstjórar og fagsvið: húsnæði sem Bjarni Þórðarson fer fyrir, forvarsla sem Karen Þ. Sigurkarlsdóttir fer fyrir og miðlun sem Unnar Ingvarsson fer fyrir. Auk þess eru nokkur verkefni sem sinnt er utan hinna skilgreindu fagsviða.

Jafnframt gerði þjóðskjalavörður grein fyrir umbótaverkefnum sem hefur verið unnið að í safninu frá síðastliðnu vori. Frá því þessi vinna hófst, sem kynnt var ítarlega á síðasta stjórnarnefndarfundum, hefur verið gengið frá nýjum stofnanasamningi, nýtt skipurit hefur tekið gildi og reglur verið settar um rannsóknar- og nýsköpunarstarf. Starfsþróunaráætlun er í vinnslu, vinna er hafin við að stíga fyrsta græna skrefið, verið er að endurbæta vinnuáætlun starfsmanna og starfsmannahandbók er langt komin

Til máls tóku Hrefna Róbertsdóttir, Guðmundur Jónsson, Anna Agnarsdóttir, Svanhildur Bogadóttir, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Gunnar Örn Hannesson og Ágúst Sigurðsson.

4. Stofnanasamningur og starfslýsingar

Anna E. Gunnarsdóttir, sviðsstjóri rekstrar- og varðveislusviðs, kynnti efni nýs stofnanasamnings við BHM sem tók gildi 1. ágúst 2019. Markmið samningsins er að launakerfið sé sveigjanlegt, feli í sér tækifæri fyrir starfsmenn til framgangs í starfi, ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti og í samræmi við jafnlaunastefnu og jafnlaunakerfi Þjóðskjalasafns. Helstu áherslubreytingar eru að starfaflokkum er fækkað, persónubundnum þáttum fjölgað, rannsóknar- og þróunarvinna og eiturefnaálag. Auk þess sem gert er ráð fyrir að starfsmenn hækki um einn launaflokk 1. desember 2020. Jafnframt kynnti hún að í fyrsta skipti væru allir starfsmenn Þjóðskjalasafns með undirritaða starfslýsingu.



Til máls tóku Anna E. Gunnarsdóttir, Anna Agnarsdóttir, Hrefna Róbertsdóttir, Gunnar Örn Hannesson og Jóhanna Gunnlaugsdóttir.

5. Vor- og haustráðstefnur.

Þjóðskjalavörður kynnti vor- og haustráðstefnur Þjóðskjalasafns sem verða fastur liður í starfseminni. Á vorráðstefnu er lögð áhersla á efni tengt skjalavörslu og skjalastjórn en á rannsóknardögum sem eru að hausti er lögð áhersla á efni tengt rannsóknum á safnkostinum. Þann 14. maí 2019 var haldin fyrsta vorráðstefna safnsins og var yfirskrift hennar persónuvernd og varðveisla. Vorráðstefnuna sóttu 215 manns og fylgdist hluti af þeim með streymi yfir netið. Rannsóknardagur Þjóðskjalasafns var í fyrsta skipti haldinn 30. september 2019. Stærsti viðburður dagsins var útgáfa verksins *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi I–II* eftir Björk Ingimundardóttur og var fyrri hluti ráðstefnunnar tileinkaður útgáfunni. Á síðari hluta rannsóknardagsins voru kynntar ýmsar rannsóknir sem unnið er að innan og í samstarfi við Þjóðskjalasafn. Rannsóknardaginn sóttu um 70 manns.

Til máls tóku Hrefna Róbertsdóttir, Guðmundur Jónsson, Gunnar Örn Hannesson og Anna Agnarsdóttir.

6. Reglusetningar um skjalastjórn og skjalavörslu.

Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs, kynnti stöðu á reglusetningu um skjalastjórn og skjalavörslu. Undanfarin misseri hefur verið unnið að nokkru nýjum reglum um skjalavörslu og skjalastjórn. Stefnt er að því að drög að reglum um meðferð, varðveislu og skráningu tölvupósta afhendingarskyldra aðila fari í umsagnarferli í þessari viku. Drög að reglum um tilkynningu rafrænna gagnasafa og skilum afhendingarskyldra aðila eru enn í skoðun í mennta- og menningarmálaráðuneytinu en von er til þess að hægt verði að setja þær í umsagnarferli fljótlega. Þá liggja fyrir fyrstu drög að reglum um eyðingu fylgiskjala bókhalds, reglum um eyðingu námsmatsgagna, reglur um eyðingu röntgenmynda og reglum um skjalageymslur sem fara í lögbundið skoðunarferli hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu innan skamms. Reglur um vörsluútgáfur rafrænna gagnakerfa og reglur um grisjun í skjalasöfnum sveitarfélaga eru í endurskoðun.

Til máls tóku Njörður Sigurðsson, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Anna Agnarsdóttir og Hrefna Róbertsdóttir.

7. Húsnæðismál.

Þjóðskjalavörður gerði grein fyrir stöðu húsnæðismála hjá Þjóðskjalasafni, en húsnæðismálin eru eitt brýnasta verkefni safnsins þessi misserin. Síðastliðið vor var nýting nokkurra geymslna bætt með því að setja upp þéttiskápa í stað hillna, og jókst við það varðveislurými safnsins um 1.500 hillumetra. Í sumar var ákveðið að ekki yrði farið í endurbætur á húsi 5. Þess í stað er verið að vinna að þarfagreiningu fyrir nýja fjargeymslu á höfuðborgarsvæðinu í samstarfi við Framkvæmdasýslu ríkisins



og fjármála- og efnahagsráðuneytið. Jafnframt er verið að gera þarfagreiningu fyrir framtíðarhúsnæði Þjóðskjalasafns. Þótt þessi brýnu mál séu hafin er nauðsynlegt að gera nú þegar endurbætur á lestrarsal Þjóðskjalasafns og fengust til þess nokkrir fjármunir í ár. Búið er að endurhanna salinn með það að markmiði að bæta öryggi gesta, starfsmanna og þeirra gagna sem notuð eru á salnum.

Til máls tóku Hrefna Róbertsdóttir, Guðmundur Jónsson, Anna Agnarsdóttir, Ágúst Sigurðsson, Jóhanna Gunnlaugsdóttir og Gunnar Örn Hannesson.

8. Drög að starfsáætlun fyrir 2020.

Þjóðskjalavörður kynnti drög að starfsáætlun fyrir árið 2020. Uppsetning starfsáætlunar er að nokkru frábrugðin frá fyrri árum og er nú sett upp eftir fagsviðum. Starfsáætlunin er tvíþætt, annars vegar áhersluverkefni 2020 þar sem að finna verkefni sem sérstök áhersla er lögð á á næsta ári og hins vegar ferlaverkefni þar sem eru að finna verkefni sem unnin eru daglega innan safnsins og eru í ákveðnu ferli. Með þessu fæst gott yfirlit yfir þau verkefni sem unnin eru í safninu.

Til máls tóku Hrefna Róbertsdóttir og Anna Agnarsdóttir.

9. Hollvinasamtök.

Þjóðskjalavörður kynnti undirbúning að stofnun Hollvinasamtaka Þjóðskjalasafns. Hugmyndir um stofnun þeirra hefur verið að þróast á síðustu mánuðum og er stefnt að því að stofnfundur verði haldinn í byrjun næsta árs. Nokkur málefni hafa verið nefnd sem hollvinasamtökin gætu tekið fyrir, en það eru m.a. að vera öflugur málsvari fyrir Þjóðskjalasafn út á við, stuðla að endurbótum í húsnæðismálum, kalla eftir bættri aðstöðu fyrir notendur á lestrarsal og á vef, styrkja afmörkuð mikilvæg verkefni, stuðla að söfnun einkaskjalasafna og hvetja til bættrar aðstöðu fyrir varðveislu skjala í landinu almennt.

Til máls tóku Hrefna Róbertsdóttir, Anna Agnarsdóttir, Gunnar Örn Hannesson, Jóhanna Gunnlaugsdóttir og Ágúst Sigurðsson.

10. Málefni héraðsskjalasafna; fjárveitingar, heimsóknir, úrbótaáætlanir og staða reglugerðar.

Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs kynnti málefni héraðsskjalasafna. Samkvæmt fjárlögum ársins 2020 er gert ráð fyrir 31,5 m.kr. styrkjum til héraðsskjalasafna, þarf af 15,2 m.kr. í rekstrarstyrki og 16,3 m.kr. í verkefnastyrki. Á árinu 2020 verður í fyrsta skipti úthlutað rekstrarstyrkjum samkvæmt nýrri úthlutunarreglu sem ákveðin var í samstarfi við héraðsskjalasöfn og mennta- og menningarmálaráðuneytið á síðasta ári.

Þjóðskjalavörður ásamt sviðsstjóra skjala- og upplýsingasviðs hefur heimsótt 9 héraðsskjalasöfn á þessu ári. Er það liður í því að nýr þjóðskjalavörður kynni sér starfsemi þessara safna. Áætlað er að ljúka heimsóknum á öll héraðsskjalasöfn vorið 2020, en héraðsskjalasöfnin eru 20 talsins.



Þegar niðurstöður eftirlitskönnunar með starfsemi héraðsskjalasafna var gefin út á síðasta ári var ákveðið í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið að óska eftir að héraðsskjalasöfn skiluðu úrbótaáætlunum og var þeim gefinn frestur til 31. október 2019, eða tíu mánuðir, til að senda inn slíka áætlun. Alls hafa 15 af 20 héraðsskjalasöfnum sent úrbótaáætlun til Þjóðskjalasafns eða látið vita að hún sé í vinnslu og verði send á næstu vikum. Ítrekun verður send á næstu dögum á þau fimm héraðsskjalasöfn sem ekki hafa enn skilað úrbótaáætlun. Í framhaldinu verða úrbótaáætlanirnar teknar saman og Þjóðskjalasafn mun gera grein fyrir málinu gagnvart mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Í nóvember fór sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs á fund í mennta- og menningarmálaráðuneytinu þar sem farið var yfir drög að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafns sem legið hefur hjá ráðuneytinu um tveggja ára skeið. Von er til þess að ráðuneytið muni setja reglugerðardrögin í Samráðsgátt á næstu vikum.

Til máls tóku Njörður Sigurðsson, Ágúst Sigurðsson, Anna Agnarsdóttir og Svanhildur Bogadóttir.

11. Frágangur fundargerðar

Fundargerðin lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:01.

Anna Agnarsdóttir (sign)

Guðmundur Jónsson (sign)

Jóhanna Gunnlaugsdóttir (sign)

Ágúst Sigurðsson (sign)

Gunnar Örn Hannesson (sign)

Svanhildur Bogadóttir (sign)